

102
19. ágúst

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á erindisbréfi fyrir héraðslækninn á Akureyri.

Skv. 1. gr. laga nr. 21 frá 13. júní 1933, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, er hér með staðfest eftirfarandi erindisbréf, sem samið er af landlækni.

ERINDISBRÉF

fyrir héraðslæknirinn á Akureyri.

1. gr.

Embættisstörf, heilbrigðiseftirlit, heilsuverndarstarfsemi.

Héraðslæknirinn á Akureyri skal hafa að höfuðstarfi hin eiginlegu embættisstörf héraðslækna, sbr. 1. gr. í erindisbréfi héraðslækna frá 26. júní 1934. Hann aðstoðar heilbrigðisstjórnina við framkvæmd laga, reglugerða og annara opinberra fyrirmæla, að því leyti sem varðar heilbrigðismál í héraði hans og á þann hátt, að í héraðinu og í Akureyrarkaupstað sérstaklega megi verða sem fullkomnast opinbert heilbrigðiseftirlit og hverskonar opinberar ráðstafanir til eflingar almennri heilbrigði, ekki aðeins almennar og sérstakar sóttvarnir: Farsóttavarnir, berklavarnir, kynsjúkdómavarnir, holdsveikisvarnir, sullaveikisvarnir o. s. frv., heldur og hverskonar heilsuverndarstarfsemi: Nákvæmt skólaeftirlit, eftirlit með húsakynnum fólks (íbúðum og samkomuhúsum) og almennum þrifnaði, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðvum, eftirlit með framleiðslu, meðferð og hollustuháttum matvæla og annarar neyzlu- og nauðsynjavöru o. s. frv., allt í samræmi við lög, reglugerðir og önnur opinber fyrirmæli, sem um þessi og þvílík efni gilda á hverjum tíma.

2. gr.

Almenn leiðbeiningarstarfsemi.

Héraðslæknirinn lætur sér ekki nægja að vaka yfir sem fullkomnastri framkvæmd laga, reglugerða og annara opinberra fyrirmæla, er varða starfsemi hans samkvæmt 1. gr., heldur skal hann og hafa vakandi auga á hverju því, er miðar til eflingar almennri heilbrigði innan héraðs hans, og gera sér far um að leiðbeina almenningi í héraðinu um allt þar að lútandi, enda svári sem greiddast öllum fyrirspurnum, er honum kunna að berast um þessi efni.

3. gr.

Ráðunautar bæjarstjórnar, sveitarstjórnna og lögreglu. Réttarlæknisstörf.

Til þess er ætlast, að umsagnar héraðslæknis sé leitað um öll heilbrigðismál, er bæjarstjórn Akureyrar og aðrar sveitarstjórnir í héraðinu taka til meðferðar, enda sé hann kvaddur til ráða við allar opinberar framkvæmdir í héraðinu, þar sem heilbrigðisfræðileg sérþekking er nauðsynleg eða er líkleg til að geta orðið að liði. Einnig er ætlast til þess, að lögreglan í héraðinu kveðji héraðslækni sér til ráðuneytis, þegar ástæða gefst til, og þar á meðal til hverskonar réttarlæknisstarfa. Þessi störf er héraðslækninum og skylt að taka að sér og rækja vandlega.

4. gr.

102

Heilbrigðisfræðilegar rannsóknir.

19. ágúst

Héraðslæknirinn skal, að svo miklu leyti sem erfiðleikar eru á að ná til þeirra heilbrigðisfræðilegu rannsókna varðandi starfsemi hans, er heilbrigðisstjórnin sér landinu fyrir í heild, annast slíkar rannsóknir sjálfur eftir því, sem framkvæmanlegt er, enda gefa héraðslæknum í nágrannahéruðum kost á að leysa slíkar nauðsynlegar rannsóknir af hendi einnig fyrir þá.

5. gr.

Skýrslugerðir.

Héraðslæknirinn skal, auk þess að annast heilbrigðisskýrslugerðir fyrir hérað sitt eftir sömu reglum og aðrir héraðslæknar, vera við því búinn að gera sérstakar ítarlegar skýrslur yfir hinar ýmsu greinar heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisráðstafana, er hann sérstaklega annast eða hefir umsjón með (heilsuverndarstöð, skólaeftirlit, matvælaeftirlit, heilbrigðisfræðilegar rannsóknir o. s. frv.), og á þann hátt, er fyrir verður mælt.

6. gr.

Trúnaðarmaður landlæknis gagnvart öðrum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum í héraðinu.

Héraðslæknirinn skal vera trúnaðarmaður landlæknis, að því er snertir eftirlit með öðrum læknum, lyfsölum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum í héraðinu.

7. gr.

Lækningastarfsemi.

Til þess að héraðslækninum gefist tími til að rækja hin eiginlegu embættisstörf, sem honum er gert að hafa að höfuðstarfi, takmarkast réttur hans og skylda til að stunda lækningar á þann hátt, er hér segir:

- a. Hann heldur opinni lækningastofu með einnar klukkustundar viðtalstíma á dag, en stundar að öðru leyti ekki almennar lækningar í kaupstaðnum, sbr. þó síðari bókstafslíði þessarar greinar.
- b. Hann má ekki vera almennur sjúkrasamlagslæknir.
- c. Hann má stunda sjúklinga með farsóttir, er sóttvörnum er beitt gegn, hvort heldur er í heimahúsum, í skipum eða á sjúkrahúsi, og er æskilegt, að hann hafi þá lækningastarfsemi með höndum. Hið sama gildir um stundun sjúklinga með smitandi kynsjúkdóma.
- d. Hann gegnir læknisvitjunum í héraðið utan kaupstaðarins, þegar ekki næst til annars læknis eða þegar þess er sérstaklega krafizt. En víkja skal hann sér undan þeim störfum, að svo miklu leyti, sem þau eru til hindrunar hinum eiginlegu embættisstörfum hans, og ekki er líklegt, að það geti orðið að бага.
- e. Hann má starfa sem fastur skólalæknir við skóla kaupstaðarins, eftirlitslæknir með almennri íþróttastarfsemi, fastur lögreglulæknir o. s. frv.
- f. Hann má starfa sem fastur læknir við heilsuverndarstöð Akureyrar, og er æskilegt, að hann veiti henni forstöðu.
- g. Hann má starfa sem trúnaðarlæknir Sjúkrasamlags Akureyrar og Tryggingarstofnunar ríkisins, að því er snertir hérað hans, svo og annast tilsvarendi störf fyrir bæjarstjórn Akureyrar.

Starfsemi ósamrýmanleg embættinu.

Héraðslæknirinn má ekki taka að sér neinskonar ráðunauts- eða heilbrigðis-
eftirlitsstörf fyrir einstök atvinnufyrirtæki, né yfirleitt þvilik störf, er ætla má, að
komið geti í bága við þau trúnaðarstörf, er hann annast fyrir hið opinbera.

Erindisbréf héraðslækna.

Að öðru leyti gilda um starfsemi héraðslæknisins ákvæði í Erindisbréfi hér-
aðslækna frá 26. júní 1934, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Aukagreiðslur.

Ríkið greiðir ekki héraðslækninum sérstaklega fyrir embættisstörf hans sam-
kvæmt þessu erindisbréfi nema sérstaklega sé ákveðið í lögum, né heldur ber hon-
um, án sérstakra fyrir-mæla í lögum, þóknun fyrir vottorð, gefin í embættis nafni
til afnota fyrir hið opinbera.

Skrifstofuhald.

Ríkið greiðir að hálfu á móti bæjarsjóði Akureyrar kostnað við skrifstofuhald
héraðslæknisins, enda náist samningar við kaupstaðinn um tilhögun skrifstofu-
haldsins, og fari kostnaðurinn ekki fram úr umsömdu hámarki.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 19. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð frá 29. júní 1938, um mat á matjessíld
og skozkverkaðri síld.**

Aftan við 2. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Ef síldarútvegsnefnd óskar, er matstjóra heimilt við mat á síld veiddri á árinu
1938 að brennimerkja ekki síldartunnurnar með gæðaflokksmerkjum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938 til
þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.